



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2020

ENSK2HC05 Hagnýt enska

Kennarar:	Kristín Runólfsdóttir, Magndís H. Sigmarsdóttir	Sk.st.	KR, MHS
------------------	--	---------------	----------------

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verða unnin fjölbreytt verkefni þar sem áhersla er lögð á alla færniþætti tungumálanáms þ.e. lestur, ritun, hlustun og tjáningu. Mest áhersla er lögð á orðaforða og ritun. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði uppbyggingu og orðaforða.

Undanfari: ENSK2HB05

Þekkingarviðmið (í lok annars þreps)

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þjóðfélögum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál,
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu,
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðu þrepsins bæði munnlega og skriflega,
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður,
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er,
- að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málvari við hæfi,
- að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- Skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

Námsefni:

- ✓ New Headway Upper-Intermediate (4th edition), J.& L Soars
- ✓ Curious Incident of a Dog in the Night-time - Mark Haddon
- ✓ Smásögur, greinar, kvikmyndir o. fl. frá kennara og á neti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil verður birt í Innu.

Sérreglur áfangans:

- Ætlast er til að nemendur fylgist stöðugt með upplýsingum í Innu, sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og beri ábyrgð á eigin námi.
- Notkun snjallsíma, spjaldtölva eða annarra tækja í kennslustundum er óheimil nema í tengslum við úrvinnslu verkefna í samráði við kennara.
- Nemendum sem mæta bókalausir, eða ekki með þær bækur sem á að nota hverju sinni, eiga á hættu að verða vísað úr tíma og þeir skráðir fjarverandi í Innu.
- Nemendur skulu mæta stundvíslega í alla tíma, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu. Nemendur sem mæta 20 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna fá skráða fjarvist í Innu.

Skilaskylda er á öllum verkefnum. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð forföll komi til (L, V eða W í Innu) og þreyta nemendur þá próf í lok annar.

Athugið að þessar reglur gilda einnig um nemendur sem hafa rýmri mætingarreglur og verða þeir að fylgjast vel með og mæta alltaf í próf/tímaverkefni. Nemendur sem eru fæddir 2000 eða fyrr ganga frá samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
The Curious Incident of a Dog in the Night-time	Próf / munnlegt próf og ritunarverkefni	20%
Headway próf (3-4 próf)	Próf úr öllum köflunum	40%
Kvikmynda/Short Docs verkefni	Greinargerð	15%
Short stories	Ýmis verkefni, próf	15%
Ritun	Tímaritgerð / persuasive essay	10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 4. janúar 2020

Kennarar: Kristín Runólfsdóttir og Magndís H. Sigmarsdóttir